

Alþingi  
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir,  
ritari

Reykjavík, 22. maí 2012  
2012050005

Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994, með síðari breytingum (áburðareftirlit, fóðureftirlit, þvingunarúrræði og viðurlög) á 140. löggjafarþingi, þskj. 1060 - 660. mál**

Frumvarpið barst Bændasamtökum Íslands til umsagnar með tölvubréfi, dags. 4. maí 2012.

### Um áburð

Mikilvægt er að ákvæðin séu skilvirk og skýr. Ljóst þarf að vera hverjum ber að upplýsa notendur áburðar um efnainnihald. Eftirlit með áreiðanleika þeirra upplýsinga og að stöðva markaðssetningu þarf að vera skýrt hjá Matvælastofnun og í framhaldi að ábyrgð á að koma á framfæri upplýsingum um frávik, séu ljós. Brotalöm hefur virst vera á hverjum ber að upplýsa um frávik frá uppgefnu innihaldi. Því er breytingin til bóta.

### Um fóður

Bændasamtökin gera ekki athugasemd við breytinguna. Mikilvægt er að einfalda sem mest eftirlit, og hafa Bændasamtökin allt frá árinu 2008 hvatt til að starf heilbrigðisnefnda sveitarfélaga og starf heilbrigðisfulltrúa verði sameinað Matvælastofnun. Flækjustig eftirlits eykur kostnað. Þessi fyrirhugaða breyting styður mjög þá stefnu þá Bændasamtaka Íslands.

Þá er vakin athygli á því að vegna nýrra vinnubragða við eftirlits hjá bændum, í kjölfar nýrrar löggjafar, þarf hið fyrsta að huga að aðgerðum til einföldunar. Þar sem bændur eru nú m.a. skilgreindir sem fóðurframleiðendur og sæta eftirliti sem slíkir, auk margs konar annars eftirlits. Bóndi með einfaldan búrekstur getur því verið settur undir fjölmörg eftirlitsákvæði, sem haldið er síðan aðskildum.

Til að bæta skilvirkni eftirlits, minnka kostnað og auka trúverðugleika þess er atvinnuveganefnd hvött til að hrinda af stað starfi er miðar að því að bændur og búrekstur verði allur settur undir samræmt og heildstætt eftirlit. Búrekstur er víðast hvar ekki svo flókinn og umsvifamikill að margbrotið eftirlit geti verið hagkvæmt eða náð markmiðum sínum.

Bændasamtök Íslands lýsa til tilbúin til að vinna með atvinnuveganefnd að undirbúningi á slíkri vinnu.

Virðingarfyllt  
f.h. Bændasamtaka Íslands

---

Eliás Blöndal Guðjónsson lögfr.